

SKIPULAGSSKRÁ
Fyrir Textílistamiðstöð ses

1.gr.

Heiti.

Textílistamiðstöð kt. 680405-1150 er sjálfseignarstofnun og starfar skv. lögum nr. 33/1999.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang og aðalstarfsstöð er að Árbraut 31, 540 Blönduósi.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Textílistamiðstöðvar er að:

- Skapa fræða- og listafólki starfsaðstöðu.
- Kynna starfssemi Textílistamiðstöðvar og afla fjármagns og samstarfsaðila innanlands sem utan.
- Stuðla að stöðugri þróun Textílistamiðstöðvar í samstarfi við innlenda jafnt sem erlenda aðila.
- Vera í farabroddi í númtímalegum vinnubrögðum með textíl með áherslu á sjálfbærni og samfélag.
- Tryggja að öll umsjón með gestum, gisti- og starfsaðstöðu gesta Textílistamiðstöðvarinnar sé til fyrirmynadar.

4. gr.

Stofnendur og framlagsfē þeirra.

Stofnendur stofnunarinnar eru:

- Blönduósbær 470169-1769 (kr. 1000.000),
- Svínnavatnshreppur (500.000),
- Bólstaðarhlíðarhreppur (250.000),
- Torfalækjarhreppur (250.000),
- Áshreppur (300.000),
- Heimiliðnaðarsafnið ses. 580791-2129 (kr. 250.000),
- Textíll ehf. 711203-3110 (kr. 50.00),
- TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur (kr. 250.000),
- Héraðsnefnd A-Húnvetninga (1000.000).

Stofnanir og félagasamtök sem greiddu stofnfé til stofnunarinnar fyrir 1. júlí 2005 samkvæmt ákvæði 2. greinar í skipulagsskrá.

- Byggðastofnun 450679-0389 (kr. 2000.000),
- Sveinstaðahreppur (kr. 250.000),
- Heimiliðnaðarfélag Íslands 600169-6619 (kr. 50.000)
- Textílfélag Íslands 580380-0189 (kr. 50.000)

S *J*

5. gr.

Stofnfé

Stofnfé Textíllistamiðstöðvar er 3.850.000/- (þrjár miljónir og áttahundruð og fimmtíu þúsund krónur), sem er framlag stofnenda félagsins.

6. gr.

Tekjur.

Tekjur Textíllistamiðstöðvar ses eru vaxtatekjur, opinber framlög, styrkir, gjafir, auglýsingatekjur, sjálfsaflafé eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.

7. gr.

Stjórn.

Í stjórn Textíllistamiðstöðvar skulu sitja fimm fulltrúar.

Þar af skulu sitja að minnsta kosti; einn fulltrúi sveitarfélaga, einn fulltrúi háskóla eða stofnana á sviði rannsókna, lista, nýsköpunar og þróunar, einn fulltrúi félagasamtaka og einn fulltrúi fyrirtækja. Fimmti fulltrúiinn skal kosinn sameiginlega af fulltrúaráðinu.

Kjósa skal varafulltrúa fyrir hvern stjórnarmann.

Stjórnin er kosin til fjögurra ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en þó skulu kosnir að minnsta kosti formaður og ritari sem jafnframt skal vera varaformaður og gjaldkeri. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Undirskrift meiri hluta stjórnar skuldbindur stofnunina. Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar veitir prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meiri hluti stjórnar sækir fundinn. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum. Stjórnin skal koma saman að minnsta kosti tvisvar á ári.

8. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn, sama rétt á forstöðumaður. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Fundargerðir funda.

Það sem gerist á fundum fulltrúaráðs, stjórnar og ársfundi skal skráð í gerðabók og samþykkt af viðstöddum fundarmönnum.

10.gr.

Fulltrúaráð.

Fulltrúaráð fer með æðsta vald stofnunarinnar. Allir aðilar Textíllistamiðstöðvar eiga einn fulltrúa í fulltrúaráði og tilnefna sinn varamann. Fulltrúaráð skal vera tengiliður milli stofnenda og stjórnar eftir því sem við á, fylgjast með rekstri stofnunarinnar og hafa eftirlit með því hvernig stjórn og forstöðumaður ráða málum hennar, þar með töldum fjármálum og setja stofnuninni nauðsynlegar starfsreglur. Fulltrúaráð kýs stjórn sem mótar stefnu um rekstur þess, og vinnur að markmiðum skv. 3. gr. samþykktanna. Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.

Þóknun stjórnarmanna má ekki vera hærri en venjulegt er að miða við útfrá eðli og umfangi starfanna.

Í lok kjörtímabils skal fulltrúaráð kjósa nýja stjórn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Sé ekki valinn stjórnarmaður í stað þess sem lætur af störfum innan árs skal ráðherra velja hann. Ráðherra skal að jafnaði velja menn til stjórnarsetu sem hafa þekkingu eða tengsl við starfssvið sjálfseignarstofnunarinnar. Fulltrúaráð kemur saman að minnsta kosti einu sinni á ári. Starfstími fulltrúaráðs er 4 ár.

11. gr.

Forstöðumaður

Stjórn Textíllistamiðstöðvar ræður forstöðumann og ákveður starfskjör hans.

Forstöðumaður annast daglegan rekstur Textíllistamiðstöðvar og kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Forstöðumaður ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningarsamningi og starfslýsingi, samþykktum og fyrirmælum stjórnar. Hann sér um fjármál og reikningshald og ráðningu starfsliðs.

Forstöðumaður á rétt til setu á stjórnar- og fulltrúaráðsfundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt nema meirihluti stjórnar eða fulltrúaráðs ákveði annað í einstökum tilvikum.

12. gr.

Ársfundur

Ársfundur Textíllistamiðstöðvar skal haldinn á tímabilinu frá miðjum mars til apríl loka ár hvert. Ársfundinn skal boða með tryggilegum hætti og að lágmarki með tíu daga fyrirvara. Allir meðlimir fulltrúaráðs hafa atkvæðisrétt á fundinum. Stjórn Textíllistamiðstöðvar ákveður hverju sinni hvort fundurinn sé opinn öðrum en meðlimum fulltrúaráðs, þá án atkvæðisréttar.

Dagskrá ársfundar skal vera eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar
2. Afgreiðsla reikninga
3. Fjárhagsáætlun
4. Inntaka nýrra aðila
5. Kjör skoðunarmanna eða endurskoðanda
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar
7. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá og starfsháttum
8. Kosning stjórnarmanna (þegar við á)
9. Önnur mál

13. gr.

Pátttaka í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum.

Textíllistamiðstöð Íslands er heimilt að taka þátt í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum í því skyni að efla nýsköpun í atvinnulífi, enda sé um að ræða hlutafélög, sjálfseignarstofnanir eða félög með takmarkaða ábyrgð sem stunda framleiðslu og sölu í því skyni að miðla, þroa og hagnýta niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem Textíllistamiðstöðin vinnur að hverju sinni. Framlag Textíllistamiðstöðvar til þessara félaga er að öllu jöfnu í formi sérfræðivinnu eða þekkingar sem hægt er að breyta í hlutafé. Samþykki 2/3 atkvæða á stjórnarfundi þarf til að samþykka slíka þáttöku.

14. gr.
Ársreikningar og endurskoðun.

Stjórn og forstöðumaður stofnunarinnar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsárár. Fulltrúaráð skal kjósa skoðunarmann eða endurskoðanda og varamenn þeirra til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsárár. Samþykktársreikninga skal senda eigi síðar en mánuði eftir að ársreikningar eru samþykktir. Ársreikninga skal senda stjórnvaldi því er tekur við ársreikningum félaga ársreikning eða samstæðureikning stofnunarinnar ásamt skýrslu stjórnar, áritun skoðunarmanna eða endurskoðenda og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur.

Stundi sjálfseignarstofnun atvinnurekstur sem eftir einkennum sínum eða tilgangi er verulega frábrugðinn aðalatvinnurekstri stofnunarinnar skal halda fjáreiðum og reikningshaldi varðandi þann rekstur aðskildum frá öðru bókhaldi og eignum stofnunarinnar.

Skoðunarmenn eða endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar.

15. gr.
Reikningsárið.

Starfsárár og reikningsárár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir skoðunarmann/endurskoðanda eigi síðar en 28. febrúar ár hvert.

16. gr.
Hagnaður og tap.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktáressara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsárár.

17. gr.
Úrsögn.

Aðilar að Textíllistamiðstöð geta sagt sig úr henni og skal beiðni þar að lútandi vera skrifleg og send til stjórnar. Úrsögn tekur gildi frá og með næsta ársfundi eftir að úrsagnarbeiðni berst stjórn. Stofnframlög og önnur framlög, eða árgjöld ef innheimt hafa verið, eru óafturkræf og aðilar geta ekki gert kröfu um hlutdeild í eignum Textíllistamiðstöðvar við úrsögn.

18. gr.
Breyting samþykktá, slit og sameining

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á ársfundi Textíllistamiðstöðvar með 2/3 hluta greiddra atkvæða fulltrúaráðs, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykkti þeirra allra. Fulltrúaráði er þó heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum ef sýnt er að samþykktirnar séu ekki framkvæmanlegar eða andstæðar tilgangi stofnunarinnar.

Sé stofnun leyst upp eða hún sameinuð annarri stofnun skal farið eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.



19. gr.

Annað.

Þar sem ákvæðum samþykktá þessara sleppir, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Nýir aðilar að Textíllistamiðstöð geta verið stofnanir, félög og fyrirtæki sem í rekstri sínum fást við rannsóknir, fræðslu, þróun, listir, þjónustu, framleiðslu eða annað þekkingarstarf og 2/3 hluti aðila samþykkir.

Gjöld, ef einhver eru, eru ákveðin af stjórn hverju sinni.

Samþykkt á fundi Textíllistamiðstöðvar ses. á Blönduósi þann

31. október 2018.

F.h. Blönduósþájar

Nafn og kt. 1506169-1769

F.h. Byggðarsamlags um atvinnu-
og menningarmál

Hallgríð Ólafsdóttir
Nafn og kt. 150672-5389

F.h. TGJ ehf

Nafn og kt.

F.h. Húnnavatnshrepps

Nafn og kt. 150331-5519

F.h. Heimilisiðnaðarsafnsins
Blönduósi

Erling G. Guðmundsson
Nafn og kt.

Textíll ehf.

Nafn og kt.